

Mannvit verkfræðistofa
Haukur Einarsson
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

2008020030
2300; 9310

Reykjavík, 9. maí 2008
/--

**Efni: Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð, Grindavíkurbæ,
(Vatnsskarðsnáma). Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Alexanders Ólafssonar ehf. að matsáætlun um efnistöku úr Háuhnúkum við Vatnsskarð, Grindavíkurbæ (Vatnsskarðsnáma).

Skipulagsstofnun barst með bréfi frá Alexander Ólafssyni ehf./VGKHönnun hf.(nú Mannvit) dags. 14. mars 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Efnistaka úr Háuhnúkum við Vatnsskarð, Grindavíkurbæ, (Vatnsskarðsnáma).

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Reykjanesfólkvangur og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Grindavíkurbæ með bréfi dags. 22. apríl 2008, Hafnarfjarðarbæ með bréfi dags. 22. apríl 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 18. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 11. apríl 2008, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 2. apríl 2008, Reykjanesfólkvangi með bréfi dags. 5. maí 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. apríl 2008. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 30. apríl 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Alexanders Ólafssonar ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Mannvits verkfræðistofu dags. 30. apríl 2008 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi. Í kafla 1 í tillögu að matsáætlun er inngangur.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að koma fram hver er staða samnings við landeiganda, bæði til hvaða tíma hann gildir og til hvaða svæðis, hnitsett, hann nær.

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar er vakið máls á því hvort ástæða sé til að skoðuð verði áhrif þungaflutninga á öryggi vegfarenda við gatnamót Krýsuvíkurvegar og Bláfjallavegar. Framkvæmdaraðili tekur undir þessa athugasemd og nefnir að til að mynda mætti kanna grundvöll fyrir gerð aðreina við gatnamótin sem yrði á forræði Vegagerðarinnar sem ber ábyrgð á veginum og vegamótunum.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að fjalla nánar um öryggismál tengd efnisflutningum að höfðu samráði við Vegagerðina og einnig hugsanlega breytingu á veginum um Vatnsskarð.

Framkvæmdasvæði og kostir. Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti.

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um núllkost ófullnægjandi og villandi og getur ekki fallist á að núllkostur gæti leitt til skorts á fyllingarefni á höfuðborgarsvæðinu ef litið er til þeirrar efnistöku sem fyrirhuguð er á vegum ýmissa aðila í nágrenni höfuðborgarinnar. Framkvæmdaraðili bendir á í svari sínu að flutningsleiðir til notenda og gæði efnis, svo sem í steypu, skipti miklu máli í þessu sambandi. Hafnarfjarðarbær telur það óviðunandi að ekki standi til að skoða aðra kosti en þann sem kynntur er í tillögunni og vísar í því sambandi í athugasemd Umhverfisstofnunar í tillögu að matsáætlun. Framkvæmdaraðili bendir á að samningur fyrirtækisins við landbúnaðarráðuneytið nái eingöngu til svæðis við Háuhnúka við Vatnsskarð.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að fjalla nánar um sjónarmið framkvæmdaraðila hvað varðar efnisgæði, markaðsmál og núll-kost sbr. það sem fram kemur í svörum við umsögn Umhverfisstofnunar. Ljóst er að ekki er hægt að fjalla um aðra kosti í staðsetningu námunnar, nema sveitarfélagið taki upp þá umræðu í aðalskipulagi, en framkvæmdaraðila er bent á að fjalla í frummtasskýrslu nánar um kosti við mótun landsins með efnistöku og sýna myndrænt (hæðalínukort, sniðmyndir) hvernig landslag verði að vinnslu lokinni.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum. Í kafla 5.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og ásýnd og í kafla 5.6 um útivist og verndarsvæði. Hafnarfjarðarbær telur í umsögn sinni eðlilegt að skoða sjónræn áhrif aukinnar vinnslu frá þjóðvegi beggja vegna við Vatnsskarðið, frá Kleifarvatni og úr fleiri áttum t.d. S og SV, auk A eins og lagt er til í matstillögunni. Sjálfsagt sé að meta hvort að sú skilgreining á vinnslusvæði sem sett er fram í tillögu að matsáætlun, sé besta útfærsla á vinnslusvæði, metið út frá áhrifum á landslag og sjónrænum áhrifum, eða hvort að breyta eigi formi og lögun vinnslusvæðis ef það þjónar þeim tilgangi að draga úr áhrifum á landslag og sjónrænum áhrifum. Því þurfi í frummatsskýrslu að gera grein fyrir mótvegisaðgerðum á meðan á vinnslu stendur til að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag og sjónræna þætti. Við mat á áhrifum á ferðamenn og útivist telur Hafnarfjarðarbær að auk þess að skoða áhrif af aukinni rykmengun og ónæði af völdum hávaða, þurfi að meta áhrif af sýnilegu raski og landslagsbreytingum á upplifun ferðamanna, t.d. frá gönguleiðum s.s. Reykjavegi og Dalaleið. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir því hvort unnt sé að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar á vinnslutíma og þá sérstaklega hvort unnt sé að milda áhrif stálhæðar í SA jaðri námunnar. Framkvæmdaraðili bendir á að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein

fyrir sjónrænum áhrifum vinnslunnar frá ólíkum sjónarhornum.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum vinnslunnar frá ólíkum sjónarhornum og útsýnisstöðum á vegum og gönguleiðum og einnig þarf að gera grein fyrir leiðum til að milda sjónræn áhrif, bæði á vinnslutíma og að vinnslu lokinni, t.d. tiltekinna áfanga.

Í kafla 5.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vatnafar. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis bendir á að grunnvatnsstraumar undir vinnslusvæðinu í Vatnsskarði eru lítt þekktir og að forsenda áframhaldandi rekstrar efnisnámu sé að betri mynd fái af grunnvatnsrennsli þaðan og að hægt verði að framkvæma mengunarmælingar á því rennsli. Gerð er krafa um að boruð verði rannsóknarhola til að vakta svæðið í samráði við heilbrigðisnefnd og Vatnsveitu Hafnarfjarðar. Hafnarfjarðarbær undirstrikar að tekið verði fyllsta tillit til athugasemda Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og fjallað verði nánar um grunnvatnsstefnur, strauma og vöktun grunnvatns í frummatsskýrslu. Jafnframt að leiðbeiningum heilbrigðiseftirlitsins varðandi mengunarvarnir verði fylgt í hvívetna. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann felst á vöktun grunnvatns í borholu og að nánari grein verði gerð fyrir því í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir grunnvatnsrennsli á námusvæðinu, stefnu grunnvatnsstrauma, dýpi á grunnvatn og hvernig vöktun er fyrirhuguð.

Í kafla 5.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar. Fornleifavernd ríkisins minnir á að fornleifaskráning þarf að vera gerð af fornleifafræðingi og ef minjar finnast þarf að staðsetja þær nákvæmlega á korti, fjalla um áhrif framkvæmdarinnar á þær og greina frá hugsanlegum mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að koma fram, sbr. umsögn Fornleifaverndar ríkisins, að fornleifaskráning hafi verið gerð af fornleifafræðingi og ef minjar finnast þarf að staðsetja þær nákvæmlega á korti og fjalla um mótvægisáðgerðir.

Skipulag og leyfi. Í kafla 4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skipulag og landnotkun. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd er ekki í samræmi við Aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2000-2020 og að auk breytinga á því þurfi að gera deiliskipulag af námunni. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að æskilegt er að málsmeðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum fari fram áður en frummatsskýrsla er auglýst en til greina komi að frummatsskýrsla sé auglýst um leið og breyting á aðalskipulagi.

Þóroddur F Þóroddsson

Sigmar Arnar Steingrímsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Grindavíkurbær, Hafnarfjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Reykjanesfólkvangur, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

